

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

1. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 11. mgr. 3. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

7. mgr. 6. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Önnur svæði en þau sem falla undir flokk A og eru ekki á brunn- eða grannsvæðum vatnsverndarsvæða.

3. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Umhverfis- og orkustofnun getur við ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fallið frá kröfu um að lekavörn sé vökvaheld í þeim tilvikum þar sem í þróna getur eingöngu runnið bik sem storknar við umhverfishita.

4. gr.

Við 15. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Umhverfis- og orkustofnun getur við ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fallið frá kröfu um að niðurfall sé tengt olíuskilju, svo sem í þeim tilvikum þar sem í niðurfallið getur eingöngu runnið bik sem storknar við umhverfishita.

5. gr.

Við 16. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Þegar olíugeymir á olíubirgðastöð er tekinn varanlega úr notkun skal rekstraraðili innan sex mánaða fjarlægja olíugeyminn, ásamt lögnum honum tengdum, á þann hátt að umhverfinu stafi ekki hættu af og meðhöndla hann í samræmi við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs. Ef ríkar ástæður krefja getur Umhverfis- og orkustofnun heimilað að gengið sé frá olíugeyminum, ásamt lögnum honum tengdum, á staðnum í samræmi við fyrirmæli stofnunarinnar. Sé jarðvegur olíumengaður ber að meðhöndla hann á viðunandi hátt að mati Umhverfis- og orkustofnunnar og á kostnað rekstraraðila.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr.

- a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir. Olíulögn skal hafa staðist prófunina, að öðrum kosti skal hún lagfærð eða tekin úr notkun. Lögn sem hefur verið lagfærð skal standast þrýstiprófun áður en hún er tekin í notkun að nýju.
- b. 5. tölul. 1. mgr. orðast svo: þykktarmæla botn og neðsta umfar olíubirgðageyma, aðra en jarðbiksgeyma. Fyrsta skoðun skal fara fram eigi síðar en 15 árum eftir að geymir er tekinn í notkun. Eftir það skal mæla á fimm ára fresti, nema mælingar sýni að tæring sé óveruleg og geymir búinn bakskautsvörn (katóðuvörn), en þá er heimilt að mæla á tíu ára fresti. Sé efnisþykkt olíubirgðageymis á einhverjum stað innan við helmingur af upphaflegri efnisþykkt aðaleiningar samkvæmt smíðastaðli, eða undir 3 mm, skal gert við tæringu eða geymir tekinn úr notkun.
- c. Í stað orðsins „píp“ í 6. tölul. 1. mgr. kemur: ppm.

7. gr.

Á eftir 1. másl. 4. mgr. 30. gr. kemur nýr málsliður svohljóðandi: Leiða skal afrennsli olíuskilju í skólphluta fráveitu þar sem um tvöfalt fráveitukerfi er að ræða nema um annað sé getið í starfsleyfi eða á samþykktum teikningum.

8. gr.

3. mgr. 51. gr. orðast svo: Frárennsli frá nýum og endurbættum bílapvottastöðvum skal vera tengt sandskilju og samrunaskilju í flokki I.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 6. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.